

Lög um leikskóla, 2008 nr. 90 12. júní

2. grein. Markmið.

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. ..

Hér á eftir eru nokkrir punktar sem Jónína Hauksdóttir, varaformaður KÍ tók saman úr bókinni „**Árin sem enginn man. Áhrif frumberskunnar á börn og fullorðna**“. Höfundur er Sæunn Kjartansdóttir. Bókin var gefin út árið 2009. Undirrituð telur að þessi bók sé mjög mikilvæg fyrir alla sem vilja skilja mikilvægasta þroskaskeið barna.

„Þó að enginn muni eftir fyrstu tveimur til þremur árunum eru þau mikilvægasta þroskaskeið ævinnar. Þá er heilinn í örustum vexti og galoppinn fyrir áhrifum umhverfisins.“. (bls. 7)

„... ekkert jafnast á við fyrstu tengslin vegna þess að til þeirra er stofnað þegar heilinn er í mótun og þeim er viðhaldið í gegnum áralöng samskipti við sama fólkið og myndaði þau í upphafi“. (bls. 7)

„Megintilgangur þessarar bókar er að beina athyglinni að þörfum ungra barna, benda á mikilvæga þætti sem hafa áhrif á þroska þeirra og velferð...“. (bls. 11)

„Með stöðugum en þó mátulega sveigjanlegum ramma þarf að búa barninu grunnöryggi sem er forsenda þess að það geti leyft sér að vera það sjálft, án þess að það geri út af við aðra. Miklu skiptir að þeir sem standa barninu næst séu áreiðanlegir...“. (bls. 20)

„Reynsla geymist ekki eingöngu í meðvituðum minningum hugans, heldur hefur hún beinlínis áhrif á mótun heilans og þar með persónuleika einstaklingsins“. (bls. 25)

„Möguleikarnir á taugatengingum í heilanum eru óteljandi en hvernig þær verða ræðst af aðstæðum og reynslu hvers og eins. Þannig verður heilinn fyrir meiri áhrifum af umhverfinu en nokkurt annað líffræri“. (bls. 26)

„Forsenda þess að barn læri að treysta á sjálft sig er að það hafi fyrstu árin getað reitt sig á aðra manneskju, ekki bara stundum heldur alltaf. Þannig finnur barn til öryggis og með tímanum samsamar það sig þeim sem það treystir“. (bls. 28)

„... en raunverulegur innri styrkur verður til í tengslum við fólk sem svarar þörfum barnsins, hjálpar því að ráða við líðan sína og gerir hæfilegar kröfur til þess“. (bls. 29)

„Sú starfsemi heilans sem lýtur að tengslum við aðra fer að miklu leyti fram í heilaberki, nánar tiltekið í þeim hluta hægra heilahvels sem kallast *orbitofrontal cortex*...Í þeim hluta er innsæi og ímyndunarafli og getan til að bera kennsl á tilfinningar, svo sem snertingu, bragð, lykt, ánægju og fegurð. Í því svæði heilans er svokölluð tilfinningagreind en hún felst í að vera læs á eigin tilfinningar, geta unnið úr þeim á viðeigandi hátt, hafa hæfileika til að finna til með öðrum og draga ályktanir um líðan þeirra. .. *Orbitofrontal cortex* á stóran þátt í að stjórna úrvinnslu tilfinninga og viðbrögðum við framkomu og orðum annarra“. (bls. 57-58)

„...heilinn er bókstaflega mótaður af umhverfinu, sem í tilfalli ungbarns er umönnunin sem það fær“. (bls. 58)

„... þroskinn er háður ánægjulegum tengslum við aðra manneskju...Líf barnsins veltur því ekki eingöngu á súrefni og mjólk, það er bókstaflega háð tilfinningalegum tengslum við aðra manneskju...Ánægjuleg samskipti foreldra og barna stuðla að vexti í *orbitofrontal cortex* og leggja grunn að getu barnsins til sjálfstjórnar og flókinna félagslegra samskipta þegar fram líða stundir“. (bls. 59)

„Á fyrsta árinu vex heilinn og stækkar mest og hraðast, hann ríflega tvöfaldast að þyngd. Það er ekki eingöngu hæfileg líkamleg næring sem veldur þessu því að þroski veltur jafn mikið á samskiptum. Við hverja jákvæða upplifun verða til tengingar á milli taugafruma. Því fleiri jákvæðar upplifanir því þétttriðnara net myndast á milli taugafruma, sem leiðir til betur starfandi heila“. (bls. 61)

„Endurtekin reynsla býr til mynstur taugatenginga sem halda velli á meðan tengingar sem ekki eru notaðar eyðast. Með því að upplifa sömu hlutina aftur og aftur fer heili barnsins að koma skipulagi á hugsanir sínar... Endurtekningin veitir barninu öryggi og með því að nýta sömu taugatengingarnar aftur og aftur hefur hún áhrif á mótun heilans“. (bls. 62)

„... reynslan er geymd í möndlu heilans sem meðvituð hugsun hefur ekki aðgang að. En þó svo að minningar frá þessum tíma séu óafturkræfar er reynslan ekki gleymd því að hún lifir sem hluti af manneskjunni og litar hegðun hennar, viðhorf og væntingar“. (bls. 65)

„Öruggar mæður bregðast við þrófum barns síns á viðeigandi hátt... Öruggar mæður á hinn bóginn eru ekki vel stilltar inn á þarfir barnsins og bregðast þar af leiðandi ekki rétt við þeim“. (bls. 71)

„... en börn sem greinast með örugg tengslamynstur hafa betri sjálfsmynd, eru í betra tilfinningalegu jafnvægi og sýna meiri seiglu, frumkvæði, félagslega færni og einbeitingu...en börn með órugg tengslamynstur sem eru oft álitin fylgjörn eða erfið og fá stífara viðmót. Þau virðast oft ósjálfstæð og óproskuð ...“. (bls. 72-73)

„Þegar ungbörn og smábörn eru aðskilin frá móðurinni eða þeirri manneskju sem ber ábyrgð á umönnun þeirra veldur það streitu og margt bendir til að slíkur aðskilnaður auki framleiðslu kortisóls. Rannsóknir á öpum hafa sýnt að þegar apaungi er tekinn frá móður sinni hækkar kortisólið í blóði hans. En þetta má líka sjá hjá börnum. Í Bandaríkjunum var kortisól mælt í munnvatni hjá þriggja og fjögurra ára börnum sem voru allan daginn á leikskólum. Niðurstöðurnar staðfestu það sem margir foreldrar óttast, að þetta fyrirkomulag væri börnunum erfitt. Þau báru streituna ekki endilega utan á sér en kortisólsframleiðslan jókst þegar leið á daginn, sérstaklega hjá þeim sem höfðu ekki mikla félagslega hæfni. Í lok dags mældist magn kortisóls hjá þeim í hámarki, einmitt á þeim tíma dags sem það var venjulega í rénum hjá börnum sem voru heima hjá foreldrum sínum“. (bls. 78)

„Of hátt kortisólmagn getur haft skaðleg áhrif á heilann, sérstaklega *orbitofrontal cortex*, sem áður hefur verið minnst á og sér um tilfinningagreind“. (bls. 80)

„Rannsóknir hafa sýnt að börn sem búa að öruggum tengslum við foreldra losa minna kortisól undir álagi en þau sem eiga óörugg tengsl... Rannsóknir á átján mánaða börnum leiddu í ljós að börn með örugg tengslamynstur sýndu minni streituvíðbrögð... Lykilatriði í tengslum er grundvallartrú barnsins á að það geti reitt sig á hjálp foreldris. Svo virðist sem hátt magn kortisóls geti verið að verki í margvíslegum andlegum og líkamlegum vandamálum“. (bls. 82)

„Það er einkenni barna sem hafa myndað örugg tengsl við móður að þau vænta þess að vanlíðan þeirra og mótlæti séu tekin alvarlega og að þeim sé sinnt þegar þeim líður illa“. (bls. 113)

„Frá sjónarhóli barns er margt sem mælir með því að mamma og pabbi séu sem mest með það fyrstu þrjú árin. Ef þess er ekki kostur þurfa þeir sem leysa foreldrana af, sem eru oftast dagmæður eða starfsmenn leikskóla, að vera eins næmir og vakandi fyrri barninu og hugsast getur. Því yngra sem barnið er því færri starfsmenn eiga að sinna því og því færri stundir sem það er í gæslu því betra. Hvert barn þarf að hafa sína aðalmanneskju, þá sömu á hverjum degi, og breytingar vegna veikinda eða starfsmannaskipta þarf að taka alvarlega. Starfsmaðurinn þarf að hafa fagmenntun eða aðra þjálfun til starfsins auk þess að vera áreiðanlegur, hlýr og ástúðlegur og óhræddur við að tengjast barninu tilfinningalega... Því fyrr sem barn fer í gæslu og því fleiri klukkustundir sem það dvelur þar því minni þátt taka foreldrar og barn í lífi hvers annars“. (bls. 116-117)

„Eins og þegar hefur komið fram eru fyrstu tvö til þrjú árin viðkvæmasti tími ævinnar vegna þess að þá er lagður grunnur að sjálfsmynd barnsins og reynsla á þessu aldursskeiði hefur bein áhrif á hvernig heili þess og taugakerfi mótas. Foreldrar og aðrir hafa áhrif á mikilvæg líffræðileg ferli þegar þeir bregðast við vísbendingum barns og svara þörfum þess. Þegar barn er huggað eða dregið er úr kvíða þess er stutt við taugakerfið um leið og lagður er grunnur að streitustjórnun ásamt því að ónæmiskerfi barnsins er eft. Á sama tíma er vöxtur örvaður í þeim hluta heilans sem hugsar um tilfinningar, hefur taumhald á hvötum og ræður færni í félagslegum samskiptum“. (bls. 167)

„En geta ekki aðrir en foreldrar komið að uppeldi barna? Hvað gerir þá hæfari en til dæmis starfsmenn leikskóla? Sterkasta aflið sem knýr fólk til að bregðast við þörfum annarra er væntumþykja. Eðli málsins samkvæmt geta starfsmenn aldrei bundist börnunum sem þeir sinna viðlíka tilfinningaböndum og foreldrar þeirra. Þeir geta verið samviskusamir og vingjarnlegir en þeir þurfa að sinna mörgum börnum, yfirleitt alltof mörgum, þeir koma og fara og þess vegna gefst of lítið færi á nánum kynnum... Því yngra sem barnið er því meiri þörf hefur það fyrir manneskju sem er tengt því, sem bókstaflega finnur til með því og leggur sig fram um að tempra líðan þess jafnt og þétt. Þess vegna skiptir máli hvort ungt barn er skilið frá foreldrum sínum í fjórar klukkustundir á dag eða níu, þrjá daga vikunnar eða fimm“. (bls. 167-167)

„... að dag hvern getur tveggja ára barn þurft að umgangast 39 börn og átta til tíu fullorðna. Starfsfólk leikskóla getur vitnað um álagið sem þessu fyrirkomulagi fylgir en hversu steituvaldandi skyldi það vera fyrir ómálga barn að dvelja klukkutímum saman innan um önnur lítil börn, finna hvorki mömmu eða pabba og komast ekki heim til sín? Ung börn hafa ekki öðlast hæfni til að taka tillit til annarra, sum haga sér eins og litlir einræðisherrar og beita öllum ráðum til að fá sínu framgengt meðan önnur læra að láta lítið fyrir sér fara“. (bls. 168)

„Flest sem fram fer þarf að gerast í hópum... Líkamlegum þörfum er sinnt, öryggis er gætt og verkefni eru leyst en ekki er hægt að bjóða upp á að hvert barn hafi athygli einnar manneskju sem hefur augun á því, finnst það sérstakt, lætur sig líðan þess varða og bregst við því jafnt og þétt. Árið 2001 var gerð rannsókn af National Institute of Child Health and Human Development (NICHD) sem náði til 1200 barna. Niðurstöður hennar sýndu að því lengur sem börn voru í vistun því meiri líkur voru á að þau yrðu árásgjörn og óhlýðin. Í rannsókn sem barnasálfræðingurinn Penelope Leach birti árið 2005 kemur fram að börn sem höfðu verið fyrstu árin á leikskóla urðu árásgjarnari og höfðu frekar tilhneigingu til að láta undan, verða óframfærin og döpur“. (bls. 169-170)

„Á fyrstu árunum er samfelld umönnun fólks sem þekkir börnin vel jafn mikilvæg og holl fæða og hlýr fatnaður. Eftir um það bil þriggja ára aldur gegnir öðru máli því þá hafa börn í flestum

tilvikum öðlast þroska til að takast á við aðskilnað frá sínum nánustu og núning við önnur börn“. (bls. 171)

„Það tekur starfsfólk tíma að kynnast barni og stilla sig inn á þarfir þess. Að sama skapi tekur það tíma fyrir barn að tengjast manneskju og treysta henni. Ef þetta flæði er rofið í sífellu með nýju og nýju fólki, sem eðli málsins samkvæmt myndar yfirborðsleg tengsl við barnið, má búast við að það verði kvíðið, vansælt og öryggislaust... Það er lykilatriði að sem fæstir starfsmenn sinni hverju barni og að þeir hafi til að bera næmi sem gerir þeim kleift að bregðast við því frá einni stundu til annarrar. Ef starfsfólk á að hafa nokkur tók á að sinna hverju barni á þann hátt, og sérhvert barn skiptir máli, verður víðast hvar að fjölga starfsfólki og leitast við að tryggja samfellu í sambandi starfsmanns og barns“. (bls. 172-173)

„Með meiri umræðu um mikilvægi foreldra, auknum stuðningi við þá og áherslu á nánd fremur en nám fyrstu ár barnanna er líklegt að foreldrar þyldu betur álagið sem fylgir því að sinna þeim og auðnaðist jafnframt gæfa til að njóta þess“. (bls. 175)

„Fjármunum skattborgarana er örugglega betur varið í að styrkja tengsl foreldra og barna fyrstu æviár þeirra heldur en að greiða sérfræðingum fyrir að vinna með afleiðingar tengslaleysis þeirra nokkrum árum síðar“. (bls. 182)

„Síðast en ekki síst hafa börn sem búa að öruggum tengslum við foreldra sína eða aðra nána sterka sjálfsmynd og samkennd með öðru fólki sem gerir þau hæfari til að takast á við lífið og velja heilbrigðar leiðir þegar á þau reynir“. (bls. 184)

Akureyri 02.09.2022

Björg Sigurvinsdóttir, skólastjóri Lundarsel-Pálmholt